

# ÁKLASINN



## Ársreikningur 2019

**Áklasin 521015-0120**

[alklasinn@nmi.is](mailto:alklasinn@nmi.is)

[www.alklasinn.is](http://www.alklasinn.is)

+354 522 9233

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

# EFNISYFIRLIT

|   |   |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og Framkvæmdarstjóra _____ | 3 |
| Almennt _____   | 3 |
| Stjórn Ákklasans _____                                | 3 |
| Fjárhagsleg staða _____                               | 1 |
| Það helsta á starfsári 2018 _____                     | 1 |
| Framundan _____                                       | 2 |
| Rekstrarreikningur _____                              | 4 |
| Efnahagsreikningur _____                              | 5 |
| Sjóðstreymi _____                                     | 6 |
| Áritun óháðs skoðunarmanns _____                      | 7 |

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

## Almennt

Árið 2019 var fimmta starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2018 var haldinn 28. maí og var á þeim fundi samþykkt að halda siðareglum óbreyttum og en samþykkt að hækka klasagjöld um 10% en gjaldi fyrir stjórnarsetu var haldið óbreyttu. Á starfsári 2018 voru 34 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, [www.alklasinn.is](http://www.alklasinn.is).

## Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

Kristinn Harðarson (Alcoa Fjarðará), Brynjar Bragason (Efla verkfræðistofa), Arnar Guðmundsson (Hamar), Breki Karlsson (HRV) Kristmundur Einarsson (Snókur verktakar ehf.), Brynja Silness (KratuS/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Sigríður Ingvarsdóttir (Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Lárus Ólafsson (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir.

## Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða er stöðug, hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn hefur reitt sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértækum verkefnum. Enn hefur ekki orðið af því að klasastefna stjórnvalda sé mynduð en skv. stjórnasáttmála núverandi stjórnar er slík vinna áætluð og standa vonir til þess að slík stefna fæli í sér einhverja fjárveitingu eða styrki til að styðja við klasasamstarf sambærilegt því sem viðgengst í nágrannalöndum okkar.

## Það helsta á starfsári 2019

Verkefni klasans á árinu snéru að áframhaldandi eflingu klasans og uppbygginu starfseminnar. Álsprotar eru sex talsins og taka þátt í klasasamstarfinu í gegnum sérstaka Álsprota aðild. Álklasinn sótti Reykjanesið heim í vel heppnaðri klasaferð. Þar tóku á móti okkur fyrirtækin Carbon Recycling International (CRI), þróunardeild Bláa Lónsins og Kísilverið Stakksberg. Hjá þróunardeild Bláa Lónsins tók á móti okkur Dr. Halldór Svavarsson og sagði frá framleiðslu Bláþörungna, salts og kísilsdufts og hvernig auðlindir úr nærumhverfinu eru nýttar, svo sem jarðsjór, affalsvatn og koltvíoxíðstraumar frá jarðvarmavikjuninni á Svartsengi. Hópurinn kom því næst við í fundarsal á svæðinu þar sem Dr. Kári Helgason sagðir frá Carbfix og FlexCCUS verkefnum Orkuveitu Reykjavíkur þar sem unnið er með föngun og bindingu koltvíoxíðsstrauma frá orkuverum og iðnaði. Matthias Ólafsson markaðsstjóri CRI sýndi okkur verksmiðjuna þeirra í Svartsengi og fór yfir stefnu fyrirtækisins í sölu á tækninni erlendis og hugverkamálum því tengt. Þá var stefnan tekin í Helguvík þar sem dr. Þórður Magnússon framkvæmdarstjóri Stakksbergs sýndi hópnum verksmiðjuna og sagði frá helstu umbótum sem fylgja áfromum um enduropnun kísilverksmiðjunnar.

Þá stóð klasinn fyrir snjallvæðingar átaki í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að ræða og kortleggja tækifæri til sóknar í snjallvæðingu á sviði áliðnaðar og stóriðju. Að verkefninu komu sérfræðingar frá ýmsum fyrirtækjum innan klasans og utan og með skýrslunni liggur nú fyrir ákveðin greining á tækifærum og áskorunum á þessu sviði. Þeirri

vinnu lauk formlega í apríl og var í kjölfarið gefin út skýrsla verkefnahópsins sem má nálgast á vefsíðu klasans.

Árið 2019 var í þriðja sinn haldið Nýsköpunarmóti Álklasans í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Við það tækifæri haldið áfram með hvatningarverðlaun Álklasans sem voru veitt í fyrsta sinn í fyrra. Þau eru veitt til fjögurra háskólanemenda sem vinna nú að verkefnum tengdum áliðnaði. Um hundrað manns sóttu mótið sem að þessu sinni var haldið hjá Háskóla Íslands. Tilgangur mótsins er ein eins og fyrr að kynna árangur af rannsókn- og þróunarverkefnum og ræða tækifæri á nýjum tækifærum framþróunar og verðmætasköpunar í áliðnaði, snjallvæðing, loftslagsmál og hringrásarhagkerfið voru ofarlega á baugi í þeim erindum sem flutt voru á mótinu. Hugmyndagáttin er áfram öflugur hlekkur til þess að hugmyndum milli iðnaðar og háskóla, þar getur starfsfólk og sérfræðingar í iðnaði sett fram áhugaverðar hugmyndir að verkefnum fyrir háskólanema sem eru að leita sér að hugmyndum að lokaverkefnum eða sumarverkefnum.

Í september var gefin út skýrsla um útflutningstækifæri fyrirtækja í Álklasanum í samstarfi við Íslandsstofu og Samál. Við gerð skýrslunnar var rætt við fulltrúa 33 fyrirtækja sem eru í málumframleiðslu og klasanum í kringum hana. Fyrirtæki sjá tækifæri í loftslagsvænum afurðum en bæta þarf samkeppninshæfni Íslands á ýmsum sviðum. Áþreifanlegur skortur sé á starfsfólki með sérþekkingu í framleiðsluferlum og rekstri iðnvera og varða þurfi betur leiðina frá iðnnámi að háskólagráðu, tryggja þurfi gæði vinnustaðanáms og efla rannsókn- og styrkjaumhverfi. Skýrsluna í heild sinni má finna á vefsíðu klasans.

## Framundan

Ljóst er að mikil gróska er í nýsköpun á sviði áliðnaðar og öflug þróunarverkefni á borð við kögglunarverkefni NMÍ og Elkem, álframleiðsla með óbrennanlegum rafskautum sem NMÍ og Arctus standa að og rauntímamælir DTE bera þess glöggt vitni auk þess hefur sprotafyrirtækið Alvit fengið styrk til þróunar á umhverfisvænum kragasalla og Háskólinn í Reykjavík til þess að herma afsogskerfi rafgreiningarkera. En hækkun styrks CO2 í afsogi keranna er eitt viðfangsefni í stóru sameiginlegri styrkumsókn til Evrópusambandsins í

H2020, verkefnið byggir á því að fanga CO<sub>2</sub> strauma frá kísil og álverum og binda í grjót með aðferðum Carbfix. Öll stóriðjan á Íslandi ásamt Orkuveitu Reykjavíkur, rannsóknarsamfélaginu, HR, HÍ og NMÍ eru aðilar að verkefninu auk fjölmargra erlendra þátttakenda. Stórir Evrópustyrkir til íslenskra sprota á borð við DTE úr samkeppnissjóðum sýnir glögg gæði og tækifæri Íslands til nýsköpunar á þessu sviði og mun klasinn halda áfram að stuðla að bættu umhverfi til rannsókna og þróunar fyrir áliðnaðinn.

Reykjavík 29. Maí 2020

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

# REKSTRARREIKNINGUR

| Tekjur:                                   | 2019              | 2018              |
|---|-------------------|-------------------|
| Árgjald Álklasans.....                    | 6.393.000         | 7.229.000         |
| Árgjald Álklasans v/ stjórnarseta.....    | 966.000           | 1.440.000         |
| Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum..... | 350.000           | 1.250.000         |
| Endurrukkað v/ útlagt Haustferð.....      | 216.000           | 1.519.270         |
| Vaxtatekjur.....                          | 7.958             | 2.904             |
| <b>Tekjur alls</b>                        | <u>7.932.958</u>  | <u>11.441.174</u> |
|   |                   |                   |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                     |                   |                   |
| Ferðakostnaður.....                       | 69.000            | 1.392.831         |
| Fundir og mannfagnaðir.....               | 201.127           | 158.651           |
| Ráðstefnur og námskeið.....               | 0                 | 190.185           |
| Gjafir og viðurkenningar.....             | 18.740            | 1.000.000         |
| Sími og Internet / .....                  | 116.828           | 113.551           |
| Sérfræðiþjónusta NMÍ.....                 | 8.023.188         | 6.775.894         |
| Annar kostnaður.....                      | 4.265             | 5.358             |
| Hvatningaverðlaun.....                    | 400.000           |                   |
| <b>Rekstrargjöld</b>                      | <u>8.833.148</u>  | <u>9.636.470</u>  |
| Niðurfærsla Viðskiptakrafna.....          | <u>8.833.148</u>  | <u>9.636.470</u>  |
| <b>Rekstrarafkoma ársins .....</b>        | <u>( 900.190)</u> | <u>1.804.704</u>  |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir:

|                       | 2019                    | 2018                    |
|-----------------------|-------------------------|-------------------------|
| Handbært fé:          |                         |                         |
| Viðskiptakröfur.....  | 493.758                 | 1.516.274               |
| Handbært fé.....      | <u>5.394.784</u>        | <u>5.590.458</u>        |
| <b>Veltufjármunir</b> | <u>5.888.542</u>        | <u>7.106.732</u>        |
| <b>Eignir samtals</b> | <u><u>5.888.542</u></u> | <u><u>7.106.732</u></u> |

## Skuldir og eigið fé:

### Eigið fé:

|                 |                     |                     |
|-----------------|---------------------|---------------------|
| Eigið fé .....  | <u>( 5.876.542)</u> | <u>( 6.776.732)</u> |
| <b>Eigið fé</b> | <u>( 5.876.542)</u> | <u>( 6.776.732)</u> |

### Skammtímaskuldir

|                         |                  |                   |
|-------------------------|------------------|-------------------|
| Ógeiddur kostnaður..... | <u>( 12.000)</u> | <u>( 330.000)</u> |
| <b>Skuldir</b>          | <u>( 12.000)</u> | <u>( 330.000)</u> |

|                                    |                            |                            |
|------------------------------------|----------------------------|----------------------------|
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <u><u>( 5.888.542)</u></u> | <u><u>( 7.106.732)</u></u> |
|                                    | 0                          | 0                          |



# SJÓÐSTREYMI

| Veltufé frá rekstri                                   | 2019       | 2018         |
|---|------------|--------------|
| Hagnaður ársins .....                                 | ( 900.190) | 1.804.704    |
| <i>Veltufé (Hagnaður ) frá rekstri</i>                | ( 900.190) | 1.804.704    |
| <b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b> |            |              |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....                 | 704.516    | ( 706.274)   |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....                | 0          | 0            |
| <i>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</i>      | 704.516    | ( 706.274)   |
| <i>Handbært fé frá rekstri</i>                        | 195.674    | ( 1.098.430) |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>                   | ( 195.674) | 1.098.430    |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>                  | 5.590.458  | 4.492.028    |
| <b>Handbært fé í árslok.....</b>                      | 5.394.784  | 5.590.458    |

# ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirrituð skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka kt. 521015-0120 hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2019

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn með bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2019

  
Guðveig Jóna Hilmarsdóttir

Viðurkenndur bókari

Kt. 190662-3229